

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að gerð verði breyting á 1. mgr. í gr. 1.b í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Ákvæðið er nú svohljóðandi:

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 17:00 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til níu og hálf klukkustund að hámarki á dag.

Eftir breytingu orðast ákvæði svo:

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 16:30 og börn geta dvalið í leikskólanum í níu klukkustundir að hámarki á dag.

Samþykkt er að sett verði eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða í reglur um leikskólaþjónustu:

Ekki eru gerðir nýir dvalarsamningar né heldur lenging á gildandi dvalarsamningum fram yfir kl. 16:30.

Frá 1. apríl 2020 verða dvalarsamningar, sem nú þegar eru í gildi og ná til lengri tíma en 16:30, að hámarki til kl. 16:30.

Foreldrum og forsjáraðilum með gildandi dvalarsamninga til kl. 16:45 eða 17:00 er heimilt að sækja um aðlögunarfrest til 1. ágúst 2020 vegna sérstakra aðstæðna.

Breyting taki gildi frá og með samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs hefur það hlutverk að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga. Hópnum er m.a. gert að skoða opnunartíma leikskóla og dvalartíma barna, bæði keyptar stundir og raunnýtingu.

Starfshópurinn hefur nú skilað áfangaskýrslu, dags. í desember 2019. Í skýrslunni er umfjöllun um opnunartíma leikskóla í stærstu sveitarfélögum landsins auk ítarlegra upplýsinga um opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar, ásamt upplýsingum um nýtingu keyptrar dvalarstunda.

Samkvæmt erindisbréfi er stýrihópnum heimilt að leggja fram tillögur á starfstíma sínum ef þurfa þykir og í áfangaskýrslunni er sett fram tillaga um að gerð verði breyting á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar. Framlögð tillaga er í samræmi við það sem fram kemur í umræddri skýrslu.

Kostnaðarmat skrifstofu skóla- og frístundasviðs byggir á þremur eftirfarandi sviðsmyndum:

1. Gert er ráð fyrir að foreldrar geri ekki breytingar á dvalartíma aðrar en þær að tími barna sem skráð eru til 17 styttest um hálf tíma, það er sem dæmi ef barn var skráð 8-17 (9 klst) verði það skráð 8-16:30 (8,5 klst). Dvalartímum fækkar um 225 klst á mánuði sem þýðir fækkun um 4,58 stöðugildi á ársgrundvelli og hagræðing verður tæpar 5 mkr. á ársgrundvelli.

2. Gert er ráð fyrir að heildarvistunartími barns breytist ekki. Sem dæmi ef barn var skráð frá 8-17 (9 klst) verði það skráð frá 07:30-16:30 (9 klst). Dvalartímum fækkar bara um 24 klst á ári sem þýðir fækkun á stöðugildum um 0,49 á ársgrundvelli. Tekjutap (kostnaðarauki) verður um tæplega 1 mkr. á ársgrundvelli.

3. Gert er ráð fyrir að helmingur af foreldrum kjósi að hafa sama heildarvistunartíma en hinn helmingurinn geri ekki breytingar, sbr. sviðsmynd 1. Sem dæmi ef barn var skráð frá 8-17 (9 klst) verði það skráð frá 07:30-16:30 hjá helming foreldra en 8:16:30 (8,5 klst) hjá hinum helmingnum. Dvalartímum fækkar um 130 klst á mánuði sem þýðir fækkun á stöðugildum um 2,64 á ársgrundvelli. Tekjutap (kostnaðarauki) verður um rúmlega 3 mkr. á ársgrundvelli.